



Sjálfbærnikönnun
Deloitte og Festu

Janúar 2023

Samantekt á heimsvísu

- Mikilvægi loftslagsmála hjá stjórnendum á heimsvísu hefur aukist á undanförunum mánuðum sem og bjartsýni þeirra um að hægt verði að grípa til nægjanlegra aðgerða til að hafa raunveruleg áhrif. Stjórnendur horfa engu að síður með mismunandi augum á hvernig á að bera sig í baráttunni við loftslagsvána, líkt og kemur fram í könnun Deloitte á alþjóðavísu þar sem yfir **2.000 stjórnendur frá 21 landi tóku þátt**.
- Í þessari skýrslu er skoðað hvernig **íslenskir stjórnendur aðildarfélaganna Festu, sem eru 182 talsins**, svöruðu út frá lykilatríðum.

Lykilatriði á heimsvísu:

Um það bil **tveir þriðju stjórnenda segja að fyrirtækin sín séu mjög meðvituð um loftslagsbreytingar** og 79% telja að núna verði heimurinn að bregðast hratt við —í fyrri [könnun Deloitte](#) frá árinu 2021 var sambærileg tala 59%.

- Nær allir stjórnendur (97%)** gáfu í skyn að fyrirtækin þeirra hafi þegar fundið fyrir neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og um helmingur sögðu að reksturinn hafi orðið fyrir tjóni, t.d. í tengslum við viðskiptamódel og aðfangakeðju.
- 81% stjórnenda** hafa fundið persónulega fyrir loftslagsbreytingum undanfarna 12 mánuði (t.d. ofsahiti, óvenjulegt stormveður og skógareldar).
- Þess fyrir utan, þá eru **hagsmunaaðilar**—líkt og eftirlitsaðilar, hluthafar, neytendur og starfsfólk—að þrýsta á stjórnendur að láta til sín taka í loftslagsmálum.

Það ríkir engu að síður bjartsýni hjá stjórnendum á heimsvísu: **88% voru á þeirri skoðun að með aðgerðum strax í dag væri hægt að lágmarka það tjón sem mun hljóttast af loftslagsbreytingum**. Það hlutfall var 63% fyrir átta mánuðum.

Þau lykilatríði sem stjórnendur nefndu sem áhrifaríkust til að ná árangri voru eftirfarandi:



Þróa nýjar, loftslagsvænar vörur eða þjónustulínur



Setja siðareglur fyrir birgja og samstarfsaðila út frá sjálfbærnisjónarmiðum



Endurbæta aðstöðu eða færa, til að gera hana betur í stakk búna til að takast á við loftslagsbreytingar



Taka loftslagssjónarmið inn í hagsmunagæslu og framlög til stjórnmalaflokka



Tengja laun yfirstjórnenda við sjálfbærnisframmistöðu



Ekki skýr tenging á milli markmiða, aðgerða og tækifæra til áhrifa

Þó að fyrirtæki séu meir og meir að grípa til aðgerða, þá eru þau ólíklegri til að tengja sjálfbærni og loftslagsmál inn í fyrirtækjamenningu sína og virkja lykilstjórnendur til að taka þátt í að umbreyta fyrirtækinu.

Stjórnendur halda áfram að glíma við skammtímakostnað við að skipta yfir í kolefnishlutlausu framtíð. Þau fimm tækifæri út frá loftslagsstefnumótun sem fengu læsta einkunn af stjórnendum voru: tekjur frá bæði nýjum og eldri fyrirtækjum, verðmæti eigna, fjárfestingarkostnaður og rekstrarframlögð.

Í skýrslunni er enn fremur kannaður skortur á tengslum á milli markmiða og aðgerða, sem og þeirra skrefa sem stjórnendur þurfa að taka til að brúa bilið.

Könnun framkvæmd á Íslandi

- Það er ánægjulegt að kynna fyrir ykkur helstu niðurstöður úr nýrri sjálfbærnikönnun Deloitte sem var unnin í samstarfi við Festu, miðstöðvar um sjálfbærni. Könnunin var send á stjórnendur aðildarfélaga Festu sem eru 182 talsins og byggir á sambærilegri könnun Deloitte á alþjóðavísu sem nær til samtals tvö þúsund stjórnenda.

ÍSLENSKIR STJÓRNENDUR



Starfsmannafjöldi

- 0-15: **17%**
- 16-49: **17%**
- 50-199: **14%**
- 200-499: **24%**
- 500-999: **21%**
- 1000 eða fleiri: **7%**




Kynjahlutföll


- KVK: **52%**
- KK: **48%**
- Annað/ekkert svar: **0%**




Atvinnugrein



Stöðugildi sem bera ábyrgð á umhverfismálum innan fyrirtækis



Eignarhald



Íslenskir stjórnendur svartsýnni á árangur í loftslags- og sjálfbærnimálum en þeir erlendu

- Íslenskir stjórnendur virðast hafa heldur minni trú á að atvinnulífið taki loftslagsmálunum mjög alvarlega heldur en erlendir kollegar þeirra.
- Það sem vekur hins vegar meiri athygli er að einungis 5% þeirra telja að ríkisstjórnir heims muni setja þessi mál í algjöran forgang en það er töluvert lægra en hjá samanburðarlöndunum.



Hversu mikið telur þú að eftirfarandi hópar séu að takast á við loftslagsbreytingar?



Íslenskir stjórnendur finna fyrir minni kvíða en þeir erlendu

- Einungis 34% íslenskra stjórnenda finna fyrir kvíða vegna loftslagsbreytinga sem er töluvert lægra en hjá þeim erlendu. Þó eru einungis 55% þeirra íslensku bjartsýnir á að heimurinn muni gera nægilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir verstu áhrif loftslagsbreytinga og er þetta nokkuð lægra en við sjáum hjá stjórnendum á Norðurlöndum sem og á heimsvísu.
- Rúm 60% stjórnenda á Íslandi sjá fram á að loftslagsbreytingar muni líklega hafa "mjög mikil/mikil" áhrif á stefnu og rekstur fyrirtækisins á næstu þremur árum. Það er í takt við heimsmeðaltalið en nokkru lægra en á Norðurlöndum (67%). Þetta segir okkur að flestir stjórnendur eru meðvitaðir um þær áskoranir sem þeir standa fyrir á næstu á árum af völdum loftslagsbreytinga.



34%


Finna reglulega fyrir kvíða vegna loftslagsbreytinga, til samanburðar við 69% á Norðurlöndum og 62% á heimsvísu.

55%

Eru **mjög bjartsýn/bjartsýn** á að heimurinn muni gera nægilegar ráðstafanir til að forðast verstu áhrif loftslagsbreytinga. Sambærilegt á Norðurlöndum er 75% og 78% á heimsvísu.



Hversu mikil áhrif telur þú að loftslagsbreytingar muni hafa á stefnu og rekstur fyrirtækisins þíns á næstu þremur árum?




- Mjög mikil áhrif/ mikil áhrif
- Miðlungs áhrif
- Lítill áhrif/ engin áhrif

73%

íslenskra stjórnenda sögðu að fyrirtækið þeirra hefði nú þegar orðið fyrir áhrifum af loftslagsbreytingum* (samanborið við 97% á Norðurlöndum).



Hvert eftirfarandi atriði tengt loftslagsmálum hefur nú þegar eða er líklegt til að hafa áhrif á fyrirtæki þitt? (veldu allt sem á við)




* Út frá þeim breytingum sem nefndar eru í grafinu að neðan.

Þrýstingur frá hagaðilum um auknar aðgerðir á sviði sjálfbærni og loftslagsmála fer vaxandi


- Stjórnendur á Íslandi finna fyrir þrýstingi til þess að bregðast við loftslagsbreytingum frá mörgum mismunandi hagsmunaaðilum.
- Þeir finna meira fyrir þrýstingi frá stjórn/stjórnendum og starfsfólki en stjórnendur á Norðurlöndum og á heimsvísu.
- Hinsvegar finna Íslenskir stjórnendur fyrir minni þrýstingi frá fjármálakerfinu, samkeppnisaðilum og eftirlitsaðilum/stjórnvöldum heldur en kollegar þeirra á Norðurlöndum og úti í heimi.



Hversu mikið (að miklu/ hóflegu leyti) finnur fyrirtæki þitt fyrir þrýstingi frá eftirfarandi hagaðilum að þið þurfið að bregðast við loftslagsbreytingum? (veldu allt sem á við)



Hlutfall þeirra stjórnenda sem eru sammála/mjög sammála eftirfarandi staðhæfingum um framgang mótvægisaðgerða á heimsvísu



Sumar loftslags- og sjálfbærniaðgerðir eru metnar auðveldari í framkvæmd en aðrar

- Mismunandi er hvernig íslenskir stjórnendur meta til hvaða aðgerða er auðveldara að grípa til en annarra.
- Notkun loftslagsvænni véla og efna ásamt kröfum á birgja talin vera auðveldust í framkvæmd.
- Orku- og loftslagsmálin (s.s. græn upprunavottorð, vísindaleg markmið SBTi og Tækniforskrift Staðlaráðs um kolefnisjöfnun) eru talin krefjandi ásamt því að draga úr flugsamgöngum.

Hvert af eftirtöldum atriðum varðandi viðleitni til umbreytinga fyrirtækja hefur fyrirtækið þitt skuldbundið sig eða gerir ráð fyrir að skuldbinda sig sem hluta af aðgerðum á sviði sjálfbærni?



HELSTU AÐGERÐIR SEM HÆGT ER AÐ GRÍPA TIL

57%

Notkun skilvirkra eða loftslagsvænni véla, tækni og búnaðar

Norðurlönd = 55%
Á heimsvísu = 54%

55%

Notkun sjálfbærari efna (t.d. endurunnið efni, vörur sem losa minna, minna plastefni)

Norðurlönd = 55%
Á heimsvísu = 59%

55%

Krefjast þess að birgjar og samstarfsaðilar uppfylli sérstök viðmið um sjálfbærni

Norðurlönd = 50%
Á heimsvísu = 44%

52%

Þjálfun starfsfólks í aðgerðum og áhrifum loftslagsbreytinga

Norðurlönd = 50%
Á heimsvísu = 48%

50%

Aukin skilvirkni í orkunýtingu

Norðurlönd = 51%
Á heimsvísu = 59%



ERFIÐARA AÐ GRÍPA TIL EFTIRTALDRA AÐGERÐA

39%

Kaup á endurnýjanlegri orku, samkvæmt samningi eða með grænum upprunavottorðum

Norðurlönd = N/A
Á heimsvísu = N/A

32%

Setning vísindalegra loftslagsmarkmiða (s.s. Science Based Targets Initiative)

Norðurlönd = N/A
Á heimsvísu = N/A

27%

Draga úr flugsamgöngum

Norðurlönd = N/A
Á heimsvísu = N/A

25%

Fylgja Tækniforskrift Staðlaráðs Íslands um kolefnisjöfnun

Norðurlönd = N/A
Á heimsvísu = N/A

20%

Gera aðstöðu loftslagsþolnari og/eða flytja aðstöðu til svæða sem eru ekki eins viðkvæm fyrir loftslagsáhrifum

Norðurlönd = 32%
Á heimsvísu = 43%

Hár kostnaður tilgreindur sem ein helsta hindrunin fyrir því að grípa til sjálfbærnaðgerða

- Niðurstöður á meðal íslenskra stjórnenda ríma ágætlega við niðurstöður frá Norðurlöndum og úti í heimi en áhugavert er að í öllum tilvikum sáu stjórnendur ekki áþreifanlegan fjárhagslegan ávinning fyrir fyrirtæki sín af núverandi sjálfbærnaðgerðum.
- Slíkt gæti gefið til kynna að stjórnendur horfi á þennan málaflokk frekar sem kostnaðarlið en tækifæri.
- Enda er hár kostnaður tilgreindur sem ein helsta hindrunin þegar kemur að því að grípa til aðgerða í fyrirtækjum að mati stjórnenda.



Hvað af eftirfarandi hefur verið mesti ávinningurinn af sjálfbærnaðgerðum þíns fyrirtækis hingað til?

▲ HELSTI ÁVINNINGUR VALINN AF ÞÁTTTAKENDUM (TOPP 5)

65%

Ánægja viðskiptavina
Norðurlönd = 42%
Á heimsvísu = 44%

58%

Þekking vörumerkis og ímynd þess
Norðurlönd = 48%
Á heimsvísu = 52%

53%

Jákvætt framlag m.t.t. loftslagsbreytinga
Norðurlönd = 45%
Á heimsvísu = 37%

37%


Nýsköpun í kringum vöruframboð og/eða rekstur
Norðurlönd = 43%
Á heimsvísu = 43%

37%

Starfsandi og líðan starfsfólks
Norðurlönd = 42%
Á heimsvísu = 42%



Hvað af eftirfarandi eru helstu hindranirnar þegar kemur að því að grípa til aðgerða tengdum sjálfbærni í fyrirtækinu þínu?




Fyrirtæki telja sig geta haldið áfram að vaxa þrátt fyrir að dregið sé úr kolefnislosun

- Stór hluti stjórnenda íslenskra fyrirtækja telur að það muni ekki koma í veg fyrir vöxt þeirra að draga úr kolefnislosun í rekstri sínum.
- Meirihluti telur einnig mikilvægt að stuðla að réttlæti í loftslagsmálum og tryggja réttláta umbreytingu (e. just transition) í sjálfbærnivegferð fyrirtækjanna.




Hve mikilvægt er að stuðla að réttlæti í loftslagsmálum eða að tryggja réttláta umbreytingu (e. just transition) inn í sjálfbærnivegferð fyrirtækisins?



- Það er mjög mikilvægt
- Það er mikilvægt
- Það skiptir ekki máli
- Ég þekki ekki þessi hugtök



Ég tel að fyrirtækið mitt geti haldið áfram að vaxa á sama tíma og það dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda



- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála


Efnahagshorfur ofarlega í huga íslenskra stjórnenda á árinu 2023 en minni áhersla á breytt lagaumhverfi

- Almennt eru íslenskir stjórnendur í takt við erlenda kollega sína hvað varðar helstu áhersluatriði fyrir 2023 en þó með tveimur stórum frávikum:
 - Annars vegar er það m.t.t. efnahagshorfa þar sem Ísland sker sig rækilega úr, en 87% settu það í topp þrjú áhersluatriðin.
 - Hins vegar er það í tengslum við breytt lagaumhverfi en það skoraði einungis 9% á Íslandi á meðan það var yfir 30% bæði á Norðurlöndum og á heimsvísu.
 - Líklega má rekja seinni liðinn til þess að ESB-sjálfbærnireglugerðir hafa ekki tekið gildi hér á landi enn sem komið er en gert er ráð fyrir að þær fyrstu verði samþykktar fyrir sumarið 2023.
- Fróðlegt verður að sjá hvort þessi liður eigi meira upp á pallborðið á komandi árum þegar áhrifa þessara reglugerða fer að gæta hér á landi.



Hver verða helstu áhersluatriðin hjá þínu fyrirtæki á árinu 2023?

Grafið sýnir hlutfall stjórnenda sem röðuðu tilteknu atriði í efstu þrjú sæti brýnustu mála sem leggja á áherslu á árið 2023.



Sjálfbærniteymi Deloitte á Íslandi

- Deloitte er leiðandi ráðgjafi fyrir fyrirtæki og opinbera aðila um sjálfbæra framtíð, hvernig bregðast eigi við loftslagsáhættu og draga úr kolefnislosun og kolefnisjafna sig á fjárhagslegan, gagnsæjan og sjálfbæran hátt.
- Deloitte býður upp á allsherjar þjónustu á sviði sjálfbærni og loftslagsmála út frá viðmiðum um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS viðmið) og getur aðstoðað við innleiðingu á nýju ESB regluverki (EU Taxonomy, SFDR, CSRD).



Gunnar Sveinn Magnússon

Gunnar býr yfir mikilli reynslu í að finna nýjar leiðir til að efla sjálfbærni. Gunnar er meðeigandi og stýrir sjálfbærni og loftslagsþjónustu Deloitte á Íslandi og er hluti af norræna leiðtogahópnum. Hann gegndi svipuðu hlutverki hjá EY áður en hann hóf störf hjá Deloitte og þar áður var hann yfirmaður sjálfbærni hjá Íslandsbanka. Hann var yfirmaður hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington DC og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í Brussel. Hann er einnig einn af stofnendum International Carbon Registry. Hann sat um tíma í stjórn hjá Festu, miðstöð um sjálfbærni á Íslandi.

✉ gmagnusson@deloitte.is



Rannveig Anna Guicharnaud

Rannveig hefur mikla þekkingu á umhverfismálum og vöktun bæði innan opinberra aðila og einkaaðila. Hún hefur stýrt stórum innlendum verkefnum sem skipuð voru af umhverfisráðuneytinu þar sem hún sá um að auðvelða samstarf við allar stofnanir sem koma að Íslandi á landsvísi. Rannveig hefur einnig veitt umhverfisstefnu ESB vísendalegan stuðning meðan hún starfaði hjá framkvæmdastjórn ESB. Rannveig hefur gegnt hlutverki við umhverfisráðgjöf, framkvæmd vettvangsmats og þróun umhverfisstjórnunaráætlana.

✉ rguicharnaud@deloitte.is



Hlynur Rafn Guðmundsson

Í ágúst 2022 hóf Hlynur störf hjá Deloitte. Hann lauk B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, með önn erlendis við ástralska háskólann í Wollongong. Meðan Hlynur stundaði meistaranám í stjórnun nýsköpunar við Háskólann í Reykjavík, stofnaði Hlynur sprotafyrirtækið Humble sem skapar lausnir fyrir fyrirtæki til að draga úr matarsóun á sjálfbæran og arðbæran hátt. Hlynur er með reynslu af hringrásarhagkerfi og samkeppnisfjármögnunarkerfum á Íslandi og í ESB.

✉ hrgudmundsson@deloitte.is



Margrét Helga Guðmundsdóttir

Margrét hefur víðtæka þekkingu á loftslagsstefnum og opinberri stjórnsýslu. Áður en Margrét kom til starfa hjá Deloitte starfaði hún hjá Umhverfisstofnun við viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS) á Íslandi, þá sérstaklega vegna losunar frá flugsamgöngum, auk þess að vera landsstjórnandi í skráningarkerfi ESB með losunarheimildir. Hún hefur þekkingu og reynslu af loftslagstefnu bæði innanlands og innan ESB, viðskiptum með losunarheimildir og kolefnisjöfnun auk opinberrar stjórnsýslu, umhverfisrétti og Evrópurétti.

✉ mhgudmundsdottir@deloitte.is



Karen Sif Magnúsdóttir

Karen Sif kom til Deloitte haustið 2022 frá Íslandsbanka þar sem hún var sérfræðingur í áhættustýringu með áherslu á sjálfbærni og kolefnisbókhald. Karen útskrifaðist frá Konunglega tækniháskólanum í Stokkhólmi árið 2021 með M.Sc. gráðu í iðnaðarstjórnun með áherslu á orku og umhverfi. Enn fremur er hún með B.Sc. gráðu frá Háskóla Íslands í iðnaðarverkfræði. Karen hefur þekkingu á sviði sjálfbærra fjármála, sjálfbærni-áhættu, áhættustýringar, gerð ESG mata og stefnumótunar.

✉ ksmagnusdottir@deloitte.is



Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem („Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félag eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyfi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, upplýsingatækniráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landsvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 415.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félag þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félag, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félag, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.

© 2023. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte ehf.